



Skýrsla stjórnar fyrir 2019-2020



Mars 2021

Inngangur

Stofnfundur Skógarkvenna var haldinn föstudaginn 1. febrúar 2019. Markmið félagsins er þátttaka kvenna á öllum aldri innan allra sviða skógræktar, með áherslu á samheldni og samvinnu. Þessu verði náð með því að:

- Auka þátttöku kvenna í skógrækt, sem skógareigenda, starfsmanna, rannsakanda eða áhugamanneskju um skógrækt.
- Marka konum sess innan skógræktar.
- Vinna með almenningi, hinu opinbera og stofnunum, bæði innan skógræktar og utan hennar, að því að mál er lúta að konum og skógrækt séu sett á dagskrá.
- Vera tengslanet kvenna innan skógræktar.

Stjórn félagsins

Aðalfundur félagsins 2019 var haldinn á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands að Þórunnartúni 6 þriðjudaginn 22. október 2019. Á stofnfundi í febrúar láðist að tilgreina hvaða stjórnarkona væri kosin til eins árs og hverjar til tveggja, til að kjörtímabil stjórnarmanna standi rétt í framtíðinni. Niðurstaða fundar var sú að Agnes Geirdal hefði kjörtímabil fram að aðalfundi 2020. Í stjórn félagsins sitja Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur, Sigríður E. Elefsen skógfræðingur og Agnes Geirdal skógarbóndi. Varamaður er Sigríður Júlía Brynleifsdóttir skógfræðingur.

Starfsemi félagsins á starfsárinu

Viðburðir

Stjórn félagsins var búin að setja niður viðburðadagskrá fyrir vor og haust 2020, en Covid-faraldurinn setti verulegt strik í þann reikning og varð því lítið um viðburði á vegum félagsins á starfsárinu. Var aðalfundi félagsins 2020, sem halda hefði átt fyrir lok nóvember, slegið á frest vegna þessa, til 2021. Það sem var þó gert var:

- Í febrúar 2020 var send könnun til félagskvenna um áherslur í starfi félagsins.
- Í apríl 2020 var hleypt af stokkunum samkeppni um merki félagsins meðal félagskvenna. Úrslit lágu fyrir í lok júní og var það tillaga 1 sem varð fyrir valinu. Síðar komu í ljós vissir lögformlegir vankantar með hana og var því ekki hægt að nota merkið. Það varð niðurstaða stjórnar, úr því að einungis bárust þrjár tillögur og hefði bara munað tveimur atkvæðum á fyrsta og öðru sæti, að merkið í öðru sæti (tillaga 3) yrði fyrir valinu. Merki félagsins er því það sem sjá má á forsiðu.
- Í júní 2020 var haldin skógarganga og bröns í Guðmundarlundi í Kópavogi. Mættu á annan tug félagskvenna, gengu um Guðmundarlund undir leiðsögn Sigríðar Elefsen og enduðu svo á spjalli yfir bröns.

Samstarf

- Norska skógarkvennafélagið – Kvinner i skogbruket – fékk styrk til að koma á formlegu samstarfi norrænu félaganna og fóru Agnes og Ragnhildur til fundar Osló í lok nóvember 2019. Gengið var frá og undirritaður formlegur samstarfssamningur félaganna og lögð drög að sameiginlegum ráðstefnum í Noregi 2021 og á Íslandi 2023.
- Valgerður Jónsdóttir fékk leyfi stjórnar í mars til að vera fulltrúi Skógarkvenna í norrænu verkefni um jafnrétti og lífhagkerfið. Verkefnið fékk styrk frá norrænum jafnréttissjóði (NIKK) og er komið í gang.
- Skógarkonur og félögin í Svíþjóð og Noregi (Spillkråkan og Kvinner i skogbruket) sendu inn sameiginlega umsókn til NIKK í október, um verkefni er laut að því að jafna stöðu kvenna

innan skógargeirans. Því miður fékkst ekki styrkur fyrir verkefninu. Önnur sameiginleg umsókn til NIKK nú í mars er í vinnslu og lýtur hún að styrk til eflingar tengslanetsins og þess ráðstefnuhalds sem stefnt var að samkvæmt samstarfssamningi félaganna (í Noregi 2021 og á Íslandi 2023). Niðurstaða úr umsókninni ætti að liggja fyrir í sumarbyrjun.

- Skógarkonur hafa verið í sambandi við Félag skógarkvonna í Póllandi (Stowarzyszenie Kobiet Lasu). Þær sóttu um styrk, með okkur og norska félagið sem samstarfsaðila, í verkefni er lýtur að auknu jafnrétti innan skógargeirans. Innifelur það rannsókn á stöðu kynjanna innan skógræktar, vinnustofur og ráðstefnur, heimsóknir milli þátttökulanda (eflingu tengslanets) og útgáfu leiðbeiningarits með lausnum til að valdefla konur í skógrækt. Verkefnið hlaut styrk í lok nóvember 2020 og var fyrsta ráðstefnan innan þess haldin rafrænt í lok janúar 2021, þar sem Ragnhildur var með stutta kynningu á Skógarkonum og stöðu mála hér á landi. Í kjölfar ráðstefnunnar var haldinn fjarfundur með konum frá hinum ýmsu Evrópulöndum, sem þátt tóku í ráðstefnunni og standa nú yfir viðræður um mögulega stofnun alþjóðlegra regnhlífarsamtaka félaga skógarkvonna, í Evrópu til að byrja með en mögulega víkkað út síðar.